

## Alviðra við Sogið

Afbragðs aðstaða fyrir skóla, hópa, fundi og námskeið í friðsæld og náttúrufergurð



Alviðra undir Ingólfssjalli. Sog og Öndverðarnes í forgrunni. Mynd: Páll Jökull Pálsson

### Staðsetning

Jörðin Alviðra er undir Ingólfssjalli við Sogið og nærri Selfossi. Alviðra er eign Landverndar, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtaka Íslands. Alviðra er útvistarsvæði fyrir almenning og náttúruskóli með margvísleg viðfangsefni. Útivera og náttúrumennt eru góðir samherjar.

### Gisting og samkomur

Íbúðarhúsnæðið er til leigu fyrir námskeið, kennslu og fundi frá október og fram í apríl. Húsið er tvílyft og um 120 fermetrar að grunnfleti. Á efri hæð eru þrjú herbergi með svefnpláss í kojum og rúmum fyrir allt að 20 gesti. Á neðri hæð er forstofa, eldhús, tvær samliggjandi stofur, sturta og tvö salerni, annað með aðgengi fyrir fatlaða. Borð og stólar eru fyrir um 25 manns. Hlaðan og fjósið verða leigð fyrir hlöðusamverur, fundi og samkvæmi.

### Skólinn í náttúrunni

Hlíðar Ingólfssjalls eru góður vettvangur fræðslu um jarðfræði. Sogið er kjörið til að fjalla um lífið í vatninu og þá fugla sem njóta þar lífsviðurværis. Í Öndverðarnesi er náttúrulegur birkiskógur og þar liggur gönguleið að ármótum þar sem lindáin Sogið og jökuláin Hvítá mætast. Blómskrúð í Alviðru er mikið og gróður

fjölbreyttur, kjörinn til að njóta og til að greina plöntur. Tæki og handbækur eru í Alviðru til stuðnings kennslu. Hægt er að skipuleggja dagsvöl fyrir mismunandi aldurshópa.

### Matjurtagarður

Í Alviðru býðst félögum í Landvernd að rækta matjurtir í grenndargarði undir leiðsögn Auðar I. Ottesen garðyrkjufraeðings.

### Dýragrafreitur

Í dýragrafreit í landi Alviðru hafa gæludýraeigendur tækifæri til að grafa dýr sín. Fyrirspurn sendist til Auður I Ottesen (audur@auduralltarid.is).

### Göngu- og berjaland

Merktar gönguleiðir er að finna á korti á bæjarhlaðinu. Þegar gengið er upp í hlíðar Ingólfsfjalls má sjá sæbarið grjót sem sýnir að sjór stóð mun hærra í lok ísaldar en nú. Gönguleið er frá bæjarhlaðinu upp bratt Gönguskarð að Inghóli en talið er að þar sé gröf landnámsmannsins Ingólfs Arnarsonar. Úr hlíðum Ingólfsfjalls er stórkostlegt útsýni og sjást m.a. stórárnar Þrjár, Sog, Hvítá og Ölfusá. Í góðu skyggni má sjá Búrfell, Heklu, Tindfjöll og Eyjafjallajökul. Austurhlíðar Ingólfsfjalls eru gott berjaland.

### Sagan

Elstu heimildir um búsetu í Alviðru eru frá því um siðaskipti þegar jörðin sem áður var eign kirkjunnar varð konungseign. Árið 1973 gaf Magnús Jóhannesson í Alviðru Landvernd og Árnassýslu jarðirnar Alviðru í Ölfusi og Öndverðarnes II í Grímsnesi. Landvernd hefur umráð yfir Alviðru en Héraðsnefnd Árnassýslu yfir Öndverðarnesi.

Upplýsingar er að finna á [www.landvernd.is/alvidra](http://www.landvernd.is/alvidra)



*Komið upp úr Gönguskarðinu á Ingólfsfjalli ofan Alviðru. Álftavatn, Sogið og Hvítá í auglýni. Mynd Petra Stefánsdóttir*